# AUGLÝSING

## um skipulag í Skeiðahreppi í Árnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Skeiðahrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1971.*

**F. h. r.**
**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

9. marz 1971. Nr. 46.

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð nr. 214 25. október 1966 um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

3. gr. 2. b. reglugerðarinnar breytist þannig að í stað orðanna: „Til 31. desember 1968", komi orðin: „Til 31. desember 1972".

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. marz 1971.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Þórður Ásgeirsson.*

18. marz 1971. Nr. 47.

# AUGLÝSING

## um gjaldskrá fyrir þungaskatt af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd.

1. gr.

Þungaskattur af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd, greiðist fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli, sem hér segir:

A. Fólksflutningabifreiðar:

| Eigin þyngd bifreiðar | Gjald fyrir hvern ekinn km |
|---|---|
| 5.0— 5.99 tonn | kr. 1.10 |
| 6.0— 6.99 — | — 1.35 |
| 7.0— 7.99 — | — 1.45 |
| 8.0— 8.99 — | — 1.65 |
| 9.0— 9.99 — | — 1.85 |
| 10.0—10.99 — | — 2 00 |
| 11.0—11.99 — | — 2.15 |

B. Aðrar bifreiðar en fólksflutningabifreiðar:

| Eigin þyngd bifreiðar | Gjald fyrir hvern ekinn km |
|---|---|
| 5.0— 5.99 tonn | kr. 1.60 |
| 6.0— 6.99 — | — 1.90 |
| 7.0— 7.99 — | — 2.10 |
| 8.0— 8.99 — | — 2.35 |
| 9.0— 9.99 — | — 2.65 |
| 10.0—10.99 — | — 2.85 |
| 11.0—11.99 — | — 3.10 |

2. gr.

Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið, skv. 1. gr., fyrir 30 000 km akstur á einu ári, skal endurgreiða 15% af kílómetragjaldi, sem til fellur umfram 30 000 km og að 45 000 km, en 25% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Endurgreiðsla þessi kemur til frádráttar ársfjórðungsgjaldi, er akstur hefur náð 30 000 km.

3. gr.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar, varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h. gilda ákvæði reglugerðar nr. 74/1970, um innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, sbr. einnig reglugerð nr. 94/1970, um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

4. gr.

Gjaldskrá þessi kemur til framkvæmda við uppgjör þungaskatts fyrir þær bifreiðar, sem hún tekur til, við álestur ökumæla í lok fyrsta ársfjórðungs 1971, að því er varðar akstur eftir síðasta álestur mælis, fram að álestri í lok fyrsta ársfjórðungs 1971.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt vegalögum nr. 23 30. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 28. desember 1970, um breytingu á vegalögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Gjaldskrá um þungaskatt af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd, nr. 100 11. júní 1970, er úr gildi felld, frá og með 1. janúar 1971 að telja.

*Samgönguráðuneytið, 18. marz 1971.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*